



## Verksamningur við skólabílstjóra

Undirritaðir aðilar gera með sér samning um skólaakstur. Aðalsteinn Guðmundsson kt. 010552-2069 Húsatóftum 2 Skeiða- og Gnúpverjahreppi (hér eftir nefndur bílstjóri) og Skeiða- og Gnúpverjahreppur kt. 540602-4410 (hér eftir nefnt sveitarfélagið) skólaárið 2019-2020 og 2020 - 2021. Auk þess tekur bílstjórinn að sér tilfallandi akstur í tengslum við skóla eða tómskundastörf. Gert ráð fyrir allt að 17 farþegum í akstri þangað til annað verður ákveðið í samvinnu beggja aðila og þá ef nemendafjöldi breytist.

Akstursleið er dreifbýli á Skeiðum/Gnúpverjahreppi að Árnesi/Flúðum að morgni og heim aftur síðdegis á starfstíma skóla þegar aksturs er þörf. Yfirmaður skólabílstjóra er skólastjóri Þjórsárskóla og skipuleggur hann skólaakstur í samráði við þá er málið varðar. Í þeim tilfellum sem við á skal bílstjóri einnig hafa samráð við skólastjóra Flúðaskóla. Skólastjóri Þjórsárskóla leggur fram áætlun í upphafi skólaárs vegna reglubundins aksturs þar sem fram kemur lýsing á akstursleið, upplýsingar um fjölda farþega, vegalengdir, áætlaðar tímasetningar og fjöldi akstursdaga á skólaárinu. Akstursáætlanir eru endurskoðaðar um áramót og fyrir skólabyrjun að hausti. Verði varanlegar breytingar á akstursleiðum skal greiða 30 % áður áætlaðrar upphæðar í einn mánuð. Á þetta ákvæði einnig við ef verkföll eða aðrar óviðráðanlegar kringumstæður koma upp sem vara í 3 eða fleiri daga samfleytt.

Greitt er fyrir biðtíma kr 4.000 fyrir hverja byrjaða klukkustund. Sem er jafnframt lágmarksgjald fyrir biðtíma. Beiðnir um greiðslur fyrir biðtíma skulu metnar hverju sinni af skólastjóra.

Annar akstur svo sem vegna félags- og tómskundastarfa eða vegna annarra tilefna með skólabörn er skipulagður af sömu aðilum í samráði við skólabílstjóra.

Bílstjóri sækir/ekur nemendum heim á hlað nema mögulegt sé að stytta aksturstíma með því að nemendur gangi hluta leiðar til og frá heimili. Verði þá skólaakstur skipulagður með það í huga. Nemendur í þéttbýli eða þar sem er húsabyrping hafi ákveðinn stað þar sem skólabílar sækja þá og skila þeim.

Ástand og búnaður bifreiðar skal standast þær kröfur sem lög og reglugerðir kveða á um fyrir skólabíla Samkvæmt samþykkt skólanefndar skulu skólabílar



búnir þriggja punkta öryggisbeltum með viðunandi sætisbreiddum fyrir hvert barn. Jafnframt verði í bílunum sessur fyrir nemendur 1. bekkjar. Kosta skal kapps um að hafa skólabifreiðina ávallt sem hlýlegasta og halda henni hreinni og snyrtilegri. Skólabílstjóri skal hafa farsíma við aksturinn og tilkynna skólastjóra um númer farsímans í upphafi skólaárs. Afleysingabílstjórar tilkynni sitt númer í hvert skipti er til kemur.

Komi fram á samningstímanum rökstuddur grunur um að brotið hafi verið gegn ákvæðum XXII. Kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um brot gegn börnum, er yfirvöldum heimilt að fella samning þennan niður, tímabundið meðan á rannsókn stendur, án greiðslu eða bótaskyldu. Teljist slík sök sönnuð, þar með talið fyrir dómi er heimilt að rifta samningnum án frekari fyrirvara.

Skólabílstjóra er skylt að gæta þagmælsku um trúnaðarmál er varða skólann og nemendur hans. Þagnarskyldan helst eftir að samningi milli bílstjóra og sveitarfélags lýkur. Skólabílstjóri skal gæta stundvísi við skólaaksturinn.

Allt skipulag skólaaksturs skal miðast við að nemendum líði vel í bílnum og að þeir verji sem stystum tíma í bílnum. Reglur Þjórsárskóla gilda í skólabílnum.

Ef bifreiðin bilar eða bílstjóri getur af einhverjum öðrum orsökum ekki ekið, þá ber honum að útvega bifreið og bílstjóra til að leysa af og skal hann sjá um greiðslur fyrir þann akstur. Bílstjóri skal jafnframt tilkynna skólastjóra svo fljótt sem auðið er þessa tímabundnu breytingu ef til hennar kemur ásamt nauðsynlegum upplýsingum um bílstjóra.

Bílstjóri metur sjálfur hvenær akstur fellur niður vegna færðar og/eða veðurs. Hann tilkynnir skólastjóra slíka ákvörðun og lætur skólastjóri nemendur vita.

Nái veðurhæð 20 metrum á sekúndu er skólaakstri frestað.

Bílstjóri skal halda akstursdagbók þar sem fram koma upplýsingar um daglegan akstur. Skólastjóri lætur bílstjóra í té eyðublöð fyrir dagbókina.



Bílstjóri skal fara í læknisskoðun við byrjun skólaárs 2019 sem staðfesti hæfni hans samkvæmt gildandi reglum um aukin ökuréttindi. Ef til þess kemur að leysa þarf bílstjóra af í lengri tíma en tvær vikur samfleytt skal afleysingabílstjórinn einnig framvísa samskonar læknisvottorði Sveitarfélagið ber kostnað af vottorðinu.

Eigandi viðkomandi skólabíls skal framvísa rekstrarleyfi til hópferða.

Bílstjóri skal skila reikningi ásamt akstursdagbók í lok hvers mánaðar, miða skal við að hann berist skólastjóra eigi síðar en 5 dag næsta mánaðar eftir reikningsmánuð. Sveitarstjóri skal leitast við að greiðsla reiknings fari fram eigi síðar en daginn eftir að reikningur berst.

Bílstjóri fær greitt fyrir umsamda vegalengd þó að ferðir falli niður á einstökum leiðum vegna veikinda nemenda eða annarra tímabundinna ástæðna.

Kílómetragjald miðast við stærð bíls sem krafa er um, óháð nemendafjölda í bílnum.

Greitt er fyrir skólaakstur á skrifstofu sveitarfélagsins í síðasta lagi 5 dag næsta mánaðar mánaðar eftir reikningsmánuð, að því tilskyldu að reikningur hafi borist. Samningurinn gildir skólaárið 2019-2020 og 2020 - 2021.

Gjald á kílómetra er samkvæmt gjaldskrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps í samræmi við kröfu um bílastærð og tekur 70 % mið af vísitölu af rekstri ökutækja 072 og 30 % af launavísitölu. Grunngjald er 352,80 kr/km miðað við ofangreindar vísitölur í apríl 2019. Gjaldið tekur breytingum samkvæmt breytingum á vísitölu 1.ágúst 2019, 1.október 2019, 1.desember 2019, 1 febrúar 2020, 1.apríl 2020, 1.ágúst 2020, 1.október 2020, 1.desember 2020, 1. febrúar 2021 og 1.apríl 2021. Í samningsverði er innifalinn allur kostnaður við aksturinn, svo sem eldsneyti, viðhald bifreiðar, allar tryggingar og öll þau gjöld sem slíkum rekstri fylgja.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur - [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)


Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is)

Rísi upp ágreiningur um samninginn má skjóta málinu til Héraðsdóms Suðurlands.

Dagsetning 18. ágúst 2019



Skólabíllstjóri



Skólastjóri


Sveitarstjóri